

Starfsáætlun skólaráðs skólaárið 2025-2026

Skólastjóri boðar til funda skólaráðs og aðstoðarskólastjóri skrifar fundagerð sem er svo birt á heimasíðu skólans. Fundir eru boðaðir með a.m.k viku fyrir vara og mikilvægt er að láta vita af mætingu. Ef forföll verða hjá fulltrúum í ráðinu þarf viðkomandi að boða varamann. Fundir eru að jafnaði fjórir yfir skólaárið en geta orðið fleiri ef eitthvað óvænt kemur upp á sem varðar skólaráð. Fyrir fundi fá fundarmenn skýrslur og drög að áætlunum í tölvupósti svo þeir geti kynnt sér efni fyrir fundi.

1. fundur í október

- Kynning fulltrúa í skólaráði
- Starfsreglur skólaráðs Njarðvíkurskóla
- Starfsáætlun skólaráðs og fundarplan
- Sjálfsmatsskýrsla 2024-2025
- Starfsáætlun Njarðvíkurskóla 2025-2026 borin upp til samþykktar
- Starfsáætlanir fyrir Ösp og Björk 2025-2026 bornar upp til samþykktar
- Áherslur skólaársins 2025-2026
- Önnur mál

2. fundur í desember/janúar

- Farið yfir helstu þætti í fjárhagsáætlun Njarðvíkurskóla og í Ösp
- Fulltrúar í nemendaráði Njarðvíkurskóla kynna starfsemi nemendaráðs
- Skólahúsnæði Njarðvíkurskóla og umhverfi skólans.
- Önnur mál

3. fundur í febrúar/mars

- Skóladagatal næsta skólaársins 2026-2027
- Fulltrúi úr öryggisnefnd Njarðvíkurskóla fer yfir öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnað og almenna velferð starfsfólks og nemenda
- Önnur mál

4. fundur í maí/júní

- Fyrirhugaðar framkvæmdir ef einhverjar eru
- Skiplag næsta skólaárs – ráðningarmál, umbætur og verkefni
- Farið yfir niðurstöður úr Skólapúlси
- Önnur mál

Boðað verður til fleiri funda ef þurfa þykir eða óskir koma um fleiri fundi.